

32. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 3. júní 2014

Fundargerð

Fundur haldinn í Fróðleiksmolanum kl. 15:00

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, formaður, sem stýrði fundi, Stefán Bogi Sveinsson sem ritaði fundargerð, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Auður Anna Ingólfssdóttir. Jóna Árný Þórðardóttir starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn einnig.

Dagskrá

1. Fundargerð 31. fundar stjórnar.
2. Skapandi greinar - stefna og næstu skref.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.
4. Húsnæðismál Austurbrúar.
5. Starfsháttanefnd Austurbrúar.
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 31. fundar stjórnar undirrituð og staðfest. Hún var send stjórnarmönnum í tölvupósti samdægurs, en yfirfarin á fundinum.
2. Fyrir fundinum lágu drög að stefnumótun fyrir skapandi greinar á Austurlandi undir yfirskriftinni "Afl til breytinga 2014-2018" ásamt samantekt yfir verkefnahugmyndir tengdar hönnun og handverki og yfirlit yfir verkefnið Make by Þorpið og framhald þess. Undir þessum lið komu til fundarins Ásta Kristín Sigurjónsdóttir fulltrúi nýsköpunar og þróunar og Lára Vilbergsdóttir verkefnisstjóri skapandi greina til að þess að kynna og fara yfir stefnumótunina og komandi verkefnahugmyndir. Að lokinni yfirferð og spurningum var þeim þökkuð koman og skilmerkileg kynning á efninu. Stjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér drögin áfram og koma

athugasemdum á framfæri, en gögnin verða áfram í vinnslu og verða lögð aftur fyrir næsta fund stjórnar ásamt tímalínu um.

3. JÁÞ fór yfir nokkur mál sem tengjast verkefnum stofnunarinnar og fjármálum hennar. Unnið er að því að styrkja tekjugrunn stofnunarinnar, m.a. með endurskipulagningu verkefna. Einnig er unnið að fjármögnun skammtímaskulda og mögulegri eignasölu í því samhengi. Farið yfir nokkur verkefni, bæði ný og eldri sem þurft hefur að endurskipuleggja. Stjórn er mjög sátt við gang mála og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að framgangi þessara verkefna á þeim nótum sem kynnt var. Farið var yfir stöðu mála innan markaðssviðs í kjölfar starfsloka fulltrúa markaðsmála. Starfsemi sviðsins gengur vel og fundað hefur verið með helstu hagsmunaaðilum til að kynna stöðuna og fá viðbrögð og tillögur um framhaldið. Áfram verður unnið að þróun sviðsins í samhengi við endurskipulagningu stofnunarinnar í heild. Gengið hefur verið frá starfslokum fyrri framkvæmdastjóra og hefur það gengið vel. Kynnt að Austurbrú mun fjármagna fjórðung af stöðugildi við "fab-lab" sem sett verður upp við Verkmenntaskóla Austurlands á móti öðrum.
4. Framkvæmdir á vegum Vísindagarðsins ehf. á Vonarlandi eru hafnar og fyrsta hluta þeirra framkvæmda mun ljúka í ágúst. Þá verður unnt að færa starfsemi Austurbrúar á Egilsstöðum á einum stað. Unnið verður að framkvæmdum við tengingu bygginganna næsta vetur og vor. Borist hafa fyrirspurnir um húsnæði Austurbrúar í Miðvangi og er nokkur áhugi á að bæði leigja og kaupa. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að auglýsa eignina til sölu. Fram hafa komið hugmyndir um að Austurbrú flytji starfsemi sína á Djúpavogi í húsnæði Afls þar, í tengslum við samstarf þessara aðila og Djúpavogshrepps um frumkvöðlasetur. Það verkefni er áfram í vinnslu.
5. Á fundinn kom starfsháttanefnd Austurbrúar en hana skipa Skúli Björn Gunnarsson formaður, Björn Hafþór Guðmundsson og Guðrún Jónsdóttir. Nefndinni var á ársfundi falið að vinna í samstarfi við stjórn að endurskipulagningu og endurskoðun á stjórnskipulagi Austurbrúar. Í upphafi var farið yfir kostnaðaráætlun við vinnuna. Að mati nefndarinnar mun kostnaður nema allt að þremur milljónum króna og felst í

vinnu nefndarinnar, akstri og ferðakostnaði og aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Stjórn leggur áherslu á að halda kostnaði við aðkeypta þjónustu í lágmarki eins og kostur er en samþykkir kostnaðaráætlunina og heimild starfsháttanefndar til að kaupa þjónustu, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og innan ramma áætlunarinnar. Farið yfir verkáætlun nefndarinnar en gert er ráð fyrir gagnaöflun og viðtölum við starfsfólk, sveitarfélög, hagsmunaaðila og aðra sem tengjast starfi stofnunarinnar í júnímánuði. Einnig verði unnið að því að skoða verkferla, boðleiðir og annað slíkt í síðari hluta mánaðarins. Gert er ráð fyrir að unnið verði að tillögugerð í ágúst og tillögur starfsháttanefndar verði lagðar fyrir framhaldsársfund í september. Stjórn staðfestir fram lagða verkáætlun. Fyrir fundinum lá einnig spurningalisti starfsháttanefndar til stjórnar. Stjórnarmönnum falið að fara yfir listann og senda svör sín til nefndarinnar eigi síðar en föstudaginn 6. júní. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfsháttanefnd muni koma aftur inn á næsta fund nefndarinnar.

6. a) Næstu fundir. Stefnt er að því að boða til næsta fundar stjórnar í 1. viku júlí.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:30

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Páll Baldursson

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Auður Ingólfssdóttir